

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Hafnarfjörður



| | | | |
|----------------------------|-------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 3.12.2015 | Fulltrúi UST | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fyrirtæki | Efnamóttakan | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Berghellu 1 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6912982729 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Grétar Viðar Grétarsson | ÍSAT nr. | 51.57.02 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón H Steingrímsson | Staðsetning | 363053,302 408634,682 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik eru skráð og engar athugasemdir gerðar.

Ágætis skipulag virðist vera á starfssvæði efnamóttökunnar en mikið magn hefur þó safnast fyrir af spilliefnum á svæðinu vegna erfiðleika tengdum meðhöndlun og flutningi þeirra milli landa. Fylgjast þarf vel með uppsöfnun spilliefna og því magni sem er á lóðinni hverju sinni. Mögulega þarf að finna aðra farvegi fyrir meðhöndlun spilliefnanna en að farga þeim hjá Kólku, ef hún annar ekki eftirspurn.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir nýtt starfsleyfi Efnamóttökunar sem gefið var út þann 9. september 2015. Efnamóttakan hefur nú flutt starfsemi sína frá Gufunesi að Berghellu 1 í Hafnarfirði. Eldra starfsleyfi sem var fyrir starfsstöðina í Gufunesi er þar með fallið úr gildi. Rekstraraðili hefur þegar skilað lóðinni í Gufunesi til eigenda sinna án athugasemda.

Á nýju svæði eru upb 5000 m² svæði þar sem hægt er að geyma spilliefni. Töluvert af spilliefnum hefur safnast fyrir á lóðinni og voru einkum tvær ástæður gefnar sem skýringar. Annars vegar að meirihluti spilliefna sem efnamóttakan flokkar og meðhöndlar fer til förgunar hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kólku. Takmörk eru fyrir því sem Kalka getur tekið við í einu og því hafa efnin safnast fyrir hjá Efnamóttökunni. Hinsvegar hefur orðið uppsöfnun á rafgeymum vegna stöðu útflutningsleyfis, en yfirvöld í Danmörku hafa gert athugasemdir við leyfið þar sem skipið sem flytur rafgeymana til Svíþjóðar kemur við í Danmörku á leiðinni. Efnamóttakan hefur fundað bæði með Kólku og Úrvinnslusjóði vegna þessa, sem og gert athugasemdir við yfirvöld í Danmörku.

Efnamóttakan er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en vottun fékkst í janúar á þessu ári. Verklýsingar eru til staðar í gæðahandbók og voru yfirfarnar í fyrra. Þjálfunarplan fyrir starfsfólk er einnig hluti af gæðakerfinu og vel haldið utan um það. Umhverfismarkmið er einnig að finna í gæðahandbók

Farið var í skoðun í húsakynnum efnamóttökunar og á geymslusvæðinu. Í húsinu fer flokkun spilliefna fram, rataeki er meðhöndluð og flúrperur hakkaðar. Kælimiðlar og kælipressur eru fjarlægðar af kælitækjum með sérstökum búnaði sem komið hefur verið upp. Pressun á kælitækjum fer síðan fram hjá Gámaþjónustunni í Hafnarfirði.

Geymslusvæðið er ágætlega skipulagt en mikið af efni var á því. Flokkuð spilliefni eru geymd sér og á skipulegan hátt. Mikill snjór var þegar eftirlitið fór fram þannig að merkingar voru ekki alltaf sjáanlegar. Þær sem sáust voru í lagi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.01.2016

Sigríður Kristjánsdóttir